



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Svín í tilfelli dýraafurða geta aðskotaefni borist úr umhverfinu í hold dýra.

Lyfjanotkun í dýrum og öryggi matvæla

Eftirlit með aðskotaefnum í matvælum hefur verið framkvæmt hér á landi um langt skeið. Þrátt fyrir að magn þessara efna hafi mælst mjög lágt geta ýmis óæskileg efni borist í mat og ávallt þörf á að standa vaktina. Aðskotaefni geta borist í matvæli við vinnslu og er mikilvægt að eftirlit sé virkt og að framleiðendur matvæla stundi góða starfshætti samkvæmt virku innra eftirliti til að tryggja heilnæmi þeirra.

Í tilfelli dýraafurða geta aðskotaefni borist úr umhverfinu í hold dýra og safnast þar upp. Öll höfum við heyrt dæmi um aðskotaefni sem uppgötvast í matvælum við eftirlit, s.s. varnarefni og

þrávirk lífræn efni. Önnur leið fyrir aðskotaefni að berast í dýraafurðir sem ekki hefur fengið mikla umfjöllun er lyfjagjöf hjá eldisdýrum. Þetta getur átt sér stað þegar t.d. lyfjameðhöndlað búfé er sent til slátrunar án þess að nægilegur tími hafi liðið fyrir lyfið að hreinsast úr holdi dýranna frá lyfjagjöf að slátrun. Með innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar Evrópusambandsins eru gerðar strangar kröfur um eftirlit með lyfjanotkun í dýrum og lyfjaleifum í matvælum með það að markmiði að tryggja heilnæmi þeirra.

Aukið eftirlit Matvælastofnunar með lyfjanotkun er liður í aðgerðum stofnunarinnar til að uppfylla

ákvæði nýju matvælalöggjafarinnar sem innleidd var að fullu hér á landi 1. nóvember sl. Í desember gerði ESA (Eftirlitsstofnun EFTA) úttekt á eftirliti með lyfjanotkun í dýrum sem leiddi í ljós ýmsa vankanta sem stofnunin hefur nú til hliðsjónar í aðgerðum sínum á vettvangi lyfjamála. Þessi úttekt og þær ábendingar sem í henni er að finna eru gagnlegar og gott veganesti til að framfylgja nýjum íslenskum reglum um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra sem tóku gildi í janúar sl. og byggjast á nýju matvælalöggjöfinni.

Dýralyf hafa skilgreindan útskolunartíma sem er sá tími sem það tekur fyrir lyfið að hreinsast úr líkama dýrsins. Bændur mega ekki senda dýr til slátrunar fyrr en að útskolunartíma liðnum. Þegar dýr er sent til slátrunar fylgir með því miði með staðfestingu frá eiganda þess um að útskolunartími lyfja hafi verið virtur. Með þessum hætti tryggir slátruhúsið að kjöt með lyfjaleifum fari ekki í vinnslu. Undanfarin ár hefur Matvælastofnun unnið að þróun skráningarkerfis á notkun og ávisun lyfseðilsskyldra lyfja fyrir dýr. Kerfið heitir HEILSA og hefur skráningu verið tekin í notkun fyrir nautgripi og hross en aðrar dýrategundir munu svo fylgja í kjölfarið. Nú í vor var gefin út reglugerð sem skyldar dýralækna að skrá lyfjagjöf í gagnagrunninn og mun þessi reglugerð taka gildi 1. nóvember nk. Með þessu móti verður Matvælastofnun kleift að fylgjast betur með notkun lyfja í dýrum og útskolunartíma þeirra til að stuðla að aukinni neytendavernd. Matvælastofnun hélt í síðustu viku fræðslufund um lyfjanotkun og -skráningu og má nálgast upptöku frá fundinum á vef Matvælastofnunar, www.mast.is, undir Útgáfu.